

Landslið í strandblaki

Reykjavík, 28. júní 2016.

Reglur um landsliðsmál í strandblaki hafa verið til skoðunar hjá Blaksambandi Íslands. Ísland getur sent lið til keppni í fjölmörg mót en fyrirséð er að ekki er hægt að halda úti samskonar starfi og með inniblaklandsliðin, þar sem er ráðinn þjálfari sem velur í landslið og heldur úti æfingum.

Strandblak lið eru þör sem leika í mótum eins og í Íslandsmótinu í strandblaki óháð félögum. Eftir að BLÍ hefur skoðað hvernig landsliðsmálum er háttað í nágrannalöndum er niðurstaðan eftirfarandi:

Reglur um landslið í strandblaki

- Þar óskar eftir því við Blaksamband Íslands að fá að keppa fyrir hönd Íslands í móti.
 - Það sækir um á bli@bli.is
 - Í umsókn skal koma fram greinargerð um feril og getu í strandblaki með vísan í úrslit móta síðustu 24 mánuðina.
 - Í umsókn skal koma fram í hvaða mót viðkomandi þar vill taka þátt.
 - Í umsókn skal koma fram hver er þjálfari liðsins, nafn, netfang og sími.
- Það sér alfarið um sinn fjárhag vegna ferða í æfingaferð eða keppnisferð.
- Hægt er að sækja um styrk til BLÍ fyrir þjálfunar- og ferðakostnaði.

Blaksamband Íslands hefur skráð lið til þátttöku í strandblaki á Smáþjóðaleikunum 2017 í San Marino. Þar er keppt bæði í karla- og kvennaflokki. **Smáþjóðaleikarnir eru frá 29. maí til 4. júní 2017.**

NEVZA og **SCD** skipuleggja fjölmörg strandblakmót sem okkar leikmönnum býðst þátttaka í. Skrifstofa BLÍ fær tölvupósta með upplýsingum um þessi mót og þarf að hafa samband við BLÍ til að komast að því hvaða mót eru í boði. Þá er einnig hægt að skoða heimasíðu www.cev.lu og finna þar gagnlegar upplýsingar um mót sem möguleiki er að komast inn á. [Hér er t.d. hlekkur á dagatal CEV.](#)

Finnland mun skipuleggja NEVZA viðburð í strandblaki 4.-7. ágúst þar sem skráningu lýkur 21. júlí nk. Mótið er haldið í Kuopio.

Fyrir hönd landsliðsnefndar BLÍ

*Sævar Már Guðmundsson
Framkvæmdastjóri*